

Tímatafla yngri flokka körfubolta

Skrifað af Körfuboltadeild

Sunnudagur, 09 September 2012 12:52

Æfingatafla yngri flokka körfubolta er nú tilbúin og er birt á [Hottur.is/Körfubolti/Yngri flokkar](http://Hottur.is/Körfubolti/Yngri_flokkar). Hjá strákum verða æfingar í minnibolta (1.-6. bekk), 7. flokki (7. bekk), 9. flokki (8.-9. bekk) og 10. flokki (10. bekk og eldri).

Hjá stelpum verða æfingar í tveimur flokkum, minnibolta (1.-6. bekk) og eldri stelpur (7. bekk og eldri) Í fyrsta skipti í langan tíma er nú boðið upp á æfingar fyrir stelpur í minniboltaflokki. Eftirspurn hefur verið eftir þessu starfi og við bindum miklar vonir við að byggja upp í kvennakörfuboltanum.